

10

5. gr.

23. jan. Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 árin eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 129 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1945.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

11

23. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kjartans prófests Helgasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. jan. 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kjartans prófests Helgasonar.

Sjóður þessi er að upphæð 1500 — eitt þúsund og fimm hundruð — krónur. Hann er stofnaður af gjöfum frá Sparisjóði Dalasýslu til minningar um síra Kjartan Helgason, fyrrverandi prófast í Hvammi í Dölum, sem var einn af stofnendum sparisjóðsins og fyrsti aðalgjaldkeri hans. Frú Sigríður Jóhannesdóttir, ekkja síra Kjartans, óskar þess, að sjóðnum skuli varið til að koma upp og styrkja bókasafn handa kvennaskóla frú Herðísar og Ingileifar Benediktzen á Staðarfelli og hefur henni og stjórn sparisjóðsins komið saman um að setja honum eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans prófests Helgasonar og er að upphæð kr. 1500.00.

2. gr.

Vöxtum sjóðsins, er til útborgunar koma samkv. 3. gr., skal varið til að koma á fót og efla bókasafn handa kvennaskóla frú Herðísar og Ingileifar Benediktzen á Staðarfelli.

3. gr.

Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn, unz þeir nema þeirri upphæð, að $\frac{2}{5}$ þeirra nægi til að kaupa 3 góðar bækur. Upp frá því má verja $\frac{2}{5}$ árlegra vaxta til eflingar bókasafninu. Hinir $\frac{3}{5}$ hlutar árlegra vaxta skulu leggjast við höfuðstólinn, unz sú ríkisstofnun, sem eftirlit hefur með opinberum sjóðum, telur gjaldmiðil landsins kominn í svo fastar skorður, að áhættulaust sé fyrir sjóðinn að verja meiru en $\frac{2}{5}$ vaxtanna til árlegrar notkunar. Af vöxtunum má þó aldrei verja meiru árlega en svo, að viðunandi höfuðstólsaukning sé tryggð, en hann má aldrei skerða.

4. gr.

Innstæðubók sjóðsins skal vera í vörzlum forstöðukonu kvennaskólans á Staðarfelli og ber henni að gera árlega reikningsskil fyrir sjóðnum eftir að hann tekur til

starfa og skal þar sjást, hversu miklu hefur verið varið til bókakaupa og hversu miklu til annarra þarfa bókasafnsins. Reikninginn, undirritaðan af stjórn sjóðsins með sundurliðaðri skrá yfir árleg bókakaup, skal leggja fyrir skólanefndina til samþykkis. **11**
23. jan.

5. gr.

Bókasafnið skal vera í vörzlum og umsjá kvennaskólans á Staðarfelli og skal kennurum hans og nemendum heimill aðgangur að því ókeypis til afnota. Það skal ávallt geymt í lokuðum skáp eða skápum og allar bækur þess auðkenndar með stimpli. Allir, sem bækur þess nota, skulu bókfærðir og jafnframt getið, hvaða bók hver fær að láni og hvenær hann fær þær og skilar. Nákvæm skrá skal haldin yfir safnið og á hana bætt nýjum bókum árlega. Einn kennaranna ásamt 2 námsmeyjum, er forstöðukona tilnefnið, skal í lok hvers skólaárs yfirfara safnið, bera það saman við bókaskrána og gæta þess að enga bók vanti.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum, forstöðukonu kvennaskólans, formanni Sparisjóðs Dalasýslu og sóknarpresti. Stjórnin hefur á hendi bókaval og annast allt annað, er snertir sjóðinn og bókasafnið.

7. gr.

Sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. október 1944.

Sigríður Jóhannesdóttir.

Í stjórn Sparisjóðs Dalasýslu.

Þorsteinn Þorsteinsson. Jens Bjarnason. Ásgeir Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

fyrir vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjum í Mosfellssveit.

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

2. gr.

Stofnunin er eign Sambands íslenzkra berklasjúklinga og rekin af því samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari. Reikningshald stofnunarinnar skal vera skilið frá reikningshaldi sambandsins í heild.

3. gr.

Tekjur stofnunarinnar verða: Daggjöld vistmanna eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjórnar, annar væntanlegur ágóði af rekstri, styrkir, gjafir, áheit og annað er til fellur.